



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
15-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu  
Pétur Ingi Haraldsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 12. september 2007

UST20070800028/ksj

Vísað er til erindis frá skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu dagsett 8. ágúst 2007 þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012. Breytingin felst í því að um það bil 90 hektara svæði á Borgarhólum í landi Skálholts sem skilgreint er sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi, breytist í land fyrir frístundabyggð. Svæði með hverfisvernd sem nær yfir Mosa, kringum Þorlákshver og niður Skálholtstungu er minnkað um 6 hektara. Jafnframt er óskað umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulag frístundabyggðarinnar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við skipulagstillögunar.

### Náttúruminjar

Á því svæði sem nú er tillaga um að taka úr landbúnaðarnotkun og nýta sem land undir frístundabyggð er fyrirhugað að reisa 99 hús, 60 – 180 fermetra að stærð. Svæðið er að meginhluta til á náttúruminjaskrá (764) en þar segir um svæðið: **“Skálholtstunga og Mosar, Biskupstungnahreppi, Árnassýslu. (1) Tungan milli Hvítár og Brúarár. Til norðurs og austurs ræður Kerslækur og lína úr honum um Brúnir í Hvítá rétt sunnan við Torfholt. (2) Víðlent lítt raskað votlendi með fjölbreytilegum gróðri og dýralífi. Jarðhiti við Þorlákshver þar sem skapast skilyrði fyrir sérstætt samspil jarðhita og gróðurs.”**

Í skýrslu Umhverfisstofnunar *“Náttúruverndaráætlun 2004-2008 – Aðferðafræði. Tillögur umhverfisstofnunar um friðlýsingar”* er lagt til að Skálholtstunga, ásamt Brúará og Höfðaflötum verði friðlýst vegna votlendis, fuglalífs og gróðurfars, auk þess sem hverasvæði er á Reykjanesi og við Skálholt. Í greinargerð með aðalskipulagstillögunni er tekið er fram að: *“Annars vegar getur fuglalífi og náttúrufari í Skálholtstungu stafað einhver hætta af fyrirhugaðri frístundabyggð vegna ónæðis á varptíma fugla og annarra afleiddra áhrifa byggðarinnar.”* Á öðrum stað í greinargerðinni er sagt: *“Við mat á aðstaðum í Skálholtstungu og skilgreiningu á því svæði sem áformað er að leggja undir frístundabyggð var að fullu tekið tillit til lítt raskaðra votlendissvæða.”*

Umhverfisstofnun vekur athygli á að milli þessara fullyrðinga er ósamræmi. Einnig er í greinargerð fjallað um sjónræn áhrif breytingartillögunnar og segir: *“Hins vegar verður að gæta þess að að fyrirhuguð uppbygging hafi ekki neikvæð áhrif á ásynd til og frá*

sögustaðeins og Skálholti". Á öðrum stað í greinargerðinni segir: "Ásýnd frá Skálholti mun ekki breytast umtalsvert frá því sem nú er."

Þarna er enn ósamræmi, og vekur Umhverfisstofnun athygli á því að fullyrðing um að ásýnd breytist ekki umtalsvert, felur í sér að ásýnd muni þó breytast meir en óverulega. Einnig er í greinargerð með aðalskipulagstillögunni fjallað um þann hluta svæðisins sem er undir hverfisvernd, en þar segir: "Hverfisverndarsvæðið við mörk frístundabyggðarinnar minnkar um 6 hektara og mun því ekki ná inná svæðið sem ætlað er undir frístundabyggð." Umhverfisstofnun telur það rökleysu þegar sagt er að frístundabyggð nái ekki inn á hverfisverndarsvæði þegar í sömu tillögu að breyttu aðalskipulagi er verið að minnka viðkomandi hverfisverndarsvæði. Í greinargerðinni kemur ekki fram hvernig þessi breyting á hverfisverndarsvæðinu samræmist markmiðum hverfisverndarinnar og hvaða áhrif hún gæti haft í för með sér.

Umhverfisstofnun vekur sérstaka athygli á 37. grein laga nr 44/1999 um náttúruvernd sem fjallar um vernd ákveðinna jarðmyndana og vistkerfa. Samkvæmt þeirri grein skulu eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

- eldvörp, gervigígar og eldhraun
- Stöðuvötn og tjarnir 1.000 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri
- Mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri
- fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo sem hrúður og hrúðurbreiður, 100m<sup>2</sup> eða stærri
- sjávarfitjar og leirur

Ráðgert er að fyrirhuguð hús verði hituð upp með veitu frá Þorlákshver. Eins og fram kemur í texta úr náttúruminjaskrá er Þorlákshver talinn sérstakur vegna samspils gróðurs og jarðhita, og samkvæmt ofangreindu njóta hverir sérstakrar verndar. Umhverfisstofnun álitur að skoða þurfi og meta hvaða áhrif það muni hafa á hverasvæðið að auka svo nýtinguna. Ekki kemur fram hversu mikið rennsli er frá hvern um í dag, né hversu mikil nýtingin yrði með tilkomu frístundabyggðar. Ekki er fjallað um yfirborð hversins né þegar fram komnar breytingar, né væntanlegar breytingar metnar. Þekkt er að við aukna nýtingu getur orðið niðurdráttur á hverasvæðum, sem hefur þau áhrif að yfirborð viðkomandi hverasvæðis breytist. Hverfisvernd er nú á Þorlákshver, en í þessari skipulagstillögu er farið með byggð inn á hverfisverndarsvæðið og þrengt að hvern um.

Umhverfisstofnun vekur athygli á, að í tillögu um breytt aðalskipulag er talað um 90 hektara byggð, en í skipulags- og byggingarskilmálum sem fylgja deiliskipulagstillögunni er talað um 110 hektara byggð. Þarna er því um misræmi að ræða.

### **Menningarsögulegt umhverfi**

Skálholt er eitt af menningarlegum höfuðbólum Íslendinga, með skrásetta sögu frá árinu 996. Samkvæmt tillögu að breyttu aðalskipulagi er nú ætlunin að reisa frístundabyggð steinsnar frá Skálholti á holti sem nefnist Borgarhólar og liggur suðvestur af Skálholti. Hjá þeim þjóðum sem Íslendingar bera sig gjarnan saman við er mikið gert til að varðveita menningarsögulegar minjar og koma í veg fyrir að að þeim verði þrengt með byggingum og öðrum mannvirkjum. Umhverfis- og orkumálaráðuneytið í Danmörku hefur gefið út bók sem kallast "Kulturhistorien i planlægningen." Í þeirri bók er listi yfir þau atriði sem þarf að gæta að við endurskoðun aðalskipulags hvað varðar menningarsögulegar minjar, þar á meðal

- "At sikre kirker i det åbne land som markante landskabselementer"

- "At sikre at kirkernes betydning som kulturhistoriske monumenter ikke forringes af

*byggeri og anlæg i næromgivelserne” .*

Af þessum tilvitnunum má ráða að mikilvægt þykir að ekki sé byggt ofan í kirkjur og önnur menningarsöguleg verðmæti, og að umhverfi þeirra fái að halda sér.

Í bókinni “*Kulturmiljöet i miljøkonsekvensvurderinger*” sem fjallar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda gagnvart menningarminjum, og er gefin út af Norrænu ráðherranefndinni árið 2000, kemur fram að skoða þurfi hversu fágætt menningarumhverfið er sem fjallað er um. Þar segir “*Eksempel på kriterier for prioritering av verdifulle kulturmiljøer*” - “*Unikt – sjældent, sjældent i regionen*” Á Íslandi eru 2 biskupssetur, Hólar og Skálholt, svo fullyrða má að Skálholt er einstakt og staðurinn er fágæt menningararfleifi á Íslandi.


### **Niðurstaða**

Umhverfisstofnun telur að fyrirhugaðar framkvæmdir muni rýra menningarsögulegt og fagurfræðilegt gildi Skálholts og að ásýnd staðarins muni raskast. Að mati Umhverfisstofnunar er staðsetning umræddrar frístundabyggðar of nálægt Skálholti. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdirnar muni hafa veruleg sjónræn áhrif á Skálholt og umhverfi, sem og veruleg áhrif á hverfisverndarsvæði og náttúruminjar á náttúruminjasrá. Enn fremur telur Umhverfisstofnun að skoða þurfi betur áhrif fyrirhugaðrar jarðhitanýtingar á Þorlákshver. Umhverfisstofnun telur að færa þurfi gild rök fyrir því að minnka hverfisverndarsvæðið.

Umhverfisstofnun leggst því gegn umræddri tillögu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar.

Umhverfisstofnun leggst einnig gegn deiliskipulagi frístundabyggðarinnar. Ef hins vegar verður farið í framkvæmdir á svæðinu, væri til bóta að minnka umfang frístundabyggðarinnar, láta hverfisverndarsvæði halda sér óbreytt, og fækka lóðum norðan og vestan megin á svæðinu.

Virðingarfyllt



Kristín S. Jónsdóttir

Sérfræðingur



Helgi Jónsson

forstöðumaður

Afrit Skipulagsstofnun